

## REGLUGERÐ

### um starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala.

#### 1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

1. *Viðskiptamaður*: Einstakling eða lögaðila sem bifreiðasali hefur annast milligöngu um kaup eða sölu skráningarskylds ökutækis fyrir.
2. *Tjónsatvik*: Hvert einstakt skaðabótaskyld atvik er hefur tjón í för með sér.
3. *Trygging*: Vátryggingu gegn skaðabótaábyrgð sem vátryggður kann að baka sér gagnvart þriðja manni (tjónþola) vegna atvika sem hafa tjón í för með sér og hann ber ábyrgð á. Tjónþoli nýtur ekki góðs af ábyrgðartryggingu nema hann eigi skaðabótakröfu á hendur vátryggðum. Ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs, sbr. 3. gr. fellur einnig undir skilgreiningu þessa.

#### 2. gr.

Bifreiðasala ber eftir almennum reglum skaðabótaréttar að bæta viðskiptamönnum sínum það tjón sem hann kann að baka þeim með störfum sínum.

#### 3. gr.

Leyfi til bifreiðasölu er háð því skilyrði að fullnægjandi tryggingar séu í gildi, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 28/1998, með síðari breytingum, um verslunaratvinnu.

Tryggingarskyldu getur bifreiðasali aðeins uppfyllt ef hann:

1. Kaupir vátryggingu hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi eða
2. Afilar sér ábyrgðar hjá viðskiptabanka eða sparisjóði.

Falli vátrygging skv. 1. tl. 2. mgr. eða bankaábyrgð skv. 2. tl. 2. mgr. úr gildi skulu hlut- aðeigandi vátryggingafélag, viðskiptabanki eða sparisjóður með sannanlegum hætti tilkynna það þegar í stað til lögreglustjórans í Reykjavík eða sýslumanni í hlutaðeigandi lögsagnar- umdæmi sem veitt hefur starfsleyfið. Vátryggingartíma eða ábyrgðartíma telst þó eigi lokið fyrr en átta vikur eru liðnar frá því lögreglustjóra er veitt hefur starfsleyfið var tilkynnt um brottfall tryggingarinnar. Að þeim tíma liðnum telst leyfi til bifreiðasölu úr gildi fallið nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið sett.

#### 4. gr.

Trygging bifreiðasala skv. 3. gr. skal bæta viðskiptamanni hans fjárhagstjón sem leitt verður af gáleysi í störfum hans eða starfsmanns hans. Trygging skal nema minnst kr. 3.000.000 vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tólf mánaða vátryggingartímabils skal nema kr. 9.000.000 hið minnsta. Fjárhæðir þessar skulu fylgja vísitölu neysluverðs og breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á henni. Grunnvísitala er vísitala janúarmánaðar 1998. Tryggingin skal taka til starfsemi bifreiðasalans hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Vátryggingafélagi, viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. 3. gr., er heimilt að endurkrefja hvern þann sem valdið hefur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

Heimilt er þeim er tryggingu veitir að áskilja sjálfsáhættu bifreiðasalans en slíkt ákvæði má ekki skerða réttarstöðu þriðja aðila. Tilhögun eigin áhættu skal getið í skilmálum tryggingarinnar. Sé tryggingin í formi vátryggingar er jafnframt heimilt að geta eigin áhættu í skírteini eða iðgjaldskvittun.

## 5. gr.

Skilmálar trygginga skv. reglugerð þessari skulu kynntir viðskiptaráðuneyti, og Fjármálaeftirliti sé um váttryggingu að ræða, áður en þeir eru boðnir bifreiðasölum.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 13. gr. laga nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 84/1998, um starfsábyrgðartryggingu bifreiðasala.

*Viðskiptaráðuneytinu, 15. janúar 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

## REGLUGERÐ

### um starfsemi Jafnréttisstofu.

#### I. KAFLI

##### Gildissvið og hlutverk.

## 1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um starfsemi Jafnréttisstofu.

## 2. gr.

*Hlutverk.*

Hlutverk Jafnréttisstofu er að stuðla að því að markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla náist ásamt því að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

#### II. KAFLI

##### Eftirlit með framkvæmd laganna.

## 3. gr.

*Eftirlit.*

Jafnréttisstofa skal hafa eftirlit með framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Þegar ætla má að ákvæði laganna hafi verið brotin skal framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu senda rökstudd tilmæli til hlutaðeigandi þar sem hvatt er til að ákvæði laganna verði virt.

Jafnréttisstofa skal veita ráðgjöf við úrlausn málsins.

## 4. gr.

*Álitum kærunefndar jafnréttismála fylgt eftir.*

Þegar liggur fyrir álit kærunefndar jafnréttismála þar sem nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafi verið brotin skal framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu að fenginni beiðni frá kæranda senda áskorun til kærða um að fundin verði lausn í samræmi við álit nefndarinnar.